

**FRÉTTATILKYNNING – Vík Prjónsdóttir og Andrea Maack hljóta
Vöruhönnunarverðlaun Reykjavík Grapevine 2011
Reykjavík, 11.03 2011**

Hönnunarhópurinn Vík Prjónsdóttir og listakonan Andrea Maack hlutu í dag fyrstu árlegu Hönnunarverðlaun Reykjavík Grapevine, en þau voru afhent snemmdegis við litla athöfn í Hönnunarmiðstöð Íslands, sem er samstarfsaðili Grapevine við framkvæmd verðlaunanna.

Hlaut Vík Prjónsdóttir viðurkenningu fyrir „Vörulínu ársins 2010“, en hópurinn hefur vakið mikla athygli fyrir fallegan og hugmyndaríkan prjónavarning sem unnin er í samstarfi við Víkurprjón. Segir í rökstuðningi dómnefndar að á bak við hverja vöru sé “skapaður stórbrotinn heimur, ríkur af sögu og fallegum myndlíkingum,” og að Vík Prjónsdóttir sanni „enn á ný að það er hægt að hanna, framleiða og selja vörur á Íslandi sem eru einstakar í sinni röð.”

Ilmvötn listakonunnar Andreu Maack, Smart, Craft og Sharp, voru valdar „Vara ársins 2010“ af dómnefnd, en óhætt er að segja að ilmvötnin hafi slegið í gegn í kjölfar þess að þau voru kynnt í Spark Design Space sumarið 2010. Dómnefnd segir að fagleg útfærsla vörunnar sé til eftirbreytni, þar vinni ólíkir þættir vel saman unnir í samstarfi við framúrskarandi fólk á ólíkum sviðum. “Eftir stendur vara sem er hvorutveggja í senn, þaulhugsuð markaðsvara og tilfinninganæm upplifun.”

Dómnefndin samanstóð af hönnuðunum Herði Kristbjörnssyni (fyrir hönd Reykjavík Grapevine) og Hildi Yeoman (fyrir hönd Hönnunarmiðstöðvar Íslands), Höllu Bogadóttur frá versluninni Kraum, Kjartani Sturlusyni frá vefversluninni Birkiland og Tinnu Gunnarsdóttir (fyrir hönd Vöruhönnunar við LHÍ). Dómnefnd voru settar þær skorður í vali sínu að verðlaunaðar vörur þyrftu að vera raunverulegir, áþreifanlegir hlutir (allt frá keramik að skartgripum) og að verðlaunin næðu ekki yfir fatahönnun Einnig að vörunar hafi komið fram árið 2010.

Útgefandi Reykjavík Grapevine, Hilmar Steinn Grétarsson, segir að markmið verðlaunanna sé að vekja athygli á því sem vel er gert og að styðja við bakið á ört vaxandi og gífurlega spennandi geira hér á landi.

“Í gegnum starf okkar hjá Grapevine komumst við í tæri við gríðarlega mikinn fjölda skapandi hæfileikafólks og verðum áþreifanlega varir við orkuna sem nú kraumar undir í skapandi greinum hér á landi. Við vildum leggja okkar af mörkum til að styðja frekar við allt það góða starf sem unnið er á þessum vettvangi og þótti verðlaunaafhending og umfjöllun í kjölfarið skemmtileg aðferð til þess,” segir Hilmar.

“Við stefnum að því að afhenda þessi verðlaun árlega, enda lítur allt út fyrir að þessi bylga sköpunar- og framkvæmdakrafts sé síst í rénun—og við áttum í stökustu vandræðum með að velja tvo aðila úr í þetta skiptið, enda af mörgu að taka. Eitt meginmarkmið Reykjavík Grapevine er að reyna hafa jákvæð áhrif á samfélag það sem blaðið sprettur úr og er ætlað að þjóna og eru þessi verðlaun liður í þeirri viðleytni.”

Hér að neðan má lesa rökstuðning dómnefndarinnar í heild. Meðfylgjandi myndir tók Hörður Sveinsson frá afhendingu verðlaunanna, einnig eru viðhengdar myndir af vörum vinningshafanna og tók þær myndir Marinó Thorlacius. Svára má þessu skeyti til að nálgast útgáfur af þeim í hærri upplausn.

Nánari upplýsingar veita

Hilmar Steinn Grétarsson, útgefandi Reykjavík Grapevine
hilmar@grapevine.is - sími 898 9249

Hörður Kristbjörnsson, hönnuður
hristbjornsson@gmail.com - sími 865 2294

Vara ársins 2011

Ilmvötn Andreu Maack, Smart, Craft, Sharp.

Hugmyndin á bak við ilma er nýstárleg þar sem unnið er út frá teikningum myndlistarkonunnar Andreu Maack. Verkið var í byrjun unnið sem myndlistarverk og sýnt á nokkrum sýningum á árunum 2008-2009. Í kjölfarið ákvað Andrea að þróa ilma yfir í vöru. Þá tók við nýtt ferli, þar sem margir komu að. Afraksturinn, ilmarnir þrír Smart, Craft og Sharp, var sýndur í Spark Design Space sumarið 2010.

Fagleg útfærsla vörunnar er til eftirbreytni. Ólíkir þættir spila vel saman og eru unnir í samstarfi við framúrskarandi fólk á ólíkum sviðum. Of langt mál er að rekja þá sögu hér en hana má nálgast á vefsíðunni www.andreamaack.com. Eftir stendur vara sem er hvorutveggja í senn þaulhugsuð markaðsvara og tilfinninganæm upplifun.

Runners-up (í stafrófsröð, ekki sætaröð):

Næringarhjólíð / Wheel of Nutrition

Næringarhjólíð er hannað af Hafsteini Júlíussyni í samstarfi við Rui Pereira. Það minnir okkur á samsetningu þeirrar fæðu sem við látum ofan í okkur, hvort sem við viljum auka ummálið, minnka það eða standa í stað. Næringarhjólíð er í senn falleg vara og vara með skýra skírskotun til þeirra öfga sem finnast í heiminum í dag.

www.hafsteinnjulusson.com

Þéttsetrið eftir Hönnu Jónsdóttur

Þéttsetrið er nýstárlegur hlutur sem getur þjónað ólíkum hópum og ólíkum tilgangi. Í honum er augljóslega hægt að klifra en jafnframt að sitja og spjalla. Þéttsetrið afmarkar svæði, býr til skjól, teiknar sig inn í umhverfið en fjallar jafnframt að einhverju leiti um það að vera fyrir innan eða utan og mundi þjóna vel sem "borgargagn".

<http://www.hannajonsdottir.com/index.php/?standing-still/thettsetrtidh/>

Vörulínan 2011

Vík Prjónsdóttir

Árið 2005 kom á markað fyrsta vörulína Vík Prjónsdóttur sem unnin var í samstarfi við Víkurprjón á Vík í Mýrdal. Vörulínan vakti strax mikla athygli og hefur sú athygli síst minnkað þau 5 ár sem liðu þar til nýjasta vörulínan kom á markað á árinu 2010.

Á bak við hverja vöru er skapaður stórbrotinn heimur, ríkur af sögu og fallegum myndlíkingum. Allt í ferli vörulínunnar er íslenskt, allt frá hugmynd til endanlegrar vöru. Vík Prjónsdóttir er ekki að flýja arfleiddina heldur vinnur með hana á fjóan og ferskan hátt, þróast áfram og kemur sífellt á óvart.

Vík Prjónsdóttir sannar enn á ný að það er hægt að hanna, framleiða og selja vörur á Íslandi sem eru einstakar í sinni röð.

Runners-up (í stafrófsröð, ekki sætaröð):

Bility

Hönnun Bility vörulínunnar er heildstæð. Hún endurspeglar hvernig lagt er upp með að vinna með íslenska náttúru ásamt því að einfaldleiki vörulínunnar sé í fyrirrúmi. Vinnan frá hugmynd að verslun gengur upp og er allur frágangur (umbúðir og uppsetning) til fyrirmyndar.

Hugmyndafræði Bility, að fá unga hönnuði í lið með sér og opna þannig möguleika ungs fólks til hönnunarvinnu og því að fá freskar hugmyndir inn í fyrirtækið, er mjög skemmtileg.

<http://www.bility.is/>

Scintilla

Scintilla er falleg og heilstæð vörulína með heimilistextíl sem hönnuð er af Lindu Björg Árnadóttur. Vörulínan inniheldur breiða línu af heimilistextíl sem byggir á myndheimi Lindu Bjargar, allt frá handklæðum og ullarteppum til sængurfata.

Fagleg útfærsla vörunnar er til eftirbreytni Allar vörurnar eru gerðar úr fyrsta flokks efnum, frágangur og framleiðsla er til fyrirmyndar.

<http://www.scintillalimited.com>